



Banaslys 4.3.2006

Hjalteyrargata við Furuvelli
Útafakstur
Látinn 19 ára karlmaður
Tími sólarhrings: Nótt

Lýsing á slysi

Ökumaður fólksbifreiðar á leið norður Hjalteyrargötu missti stjórn á bifreiðinni og hafnaði hún á húsvegg. Farþegi í framsæti fórst í árekstrinum og ökumaður slasaðist alvarlega.. Hvorugur þeirra notaði bílbelti. Hægri hlið bifreiðarinnar var mjög illa farin eftir áreksturinn og gekk langt inn í farþegarýmið.

Hámarkshraði á Hjalteyrargötu er 50 km/klst. en sérfræðingur sem reiknaði hraða í slysinu taldi líklegasta hraða bifreiðarinnar hafa verið 76 km/klst. Ísing og hálka var á götunni, myrkur úti og eljagangur. Á götunni voru skriðfór og eftir þeim að dæma missti ökumaður stjórn á bifreiðinni til hægri en beygði bílnum síðan til vinstri. Bifreiðin fór of langt til vinstri, útaf götunni vinstra megin og rann í hliðarskriði þar til hún hafnaði á veggnum.



Fólksbifreiðin á slysavettvangi

Fólksbifreiðin var af gerðinni Subaru Impreza WRX. Sérfræðingar sem skoðuðu bifreiðina töldu að orsakir slyssins væri ekki að rekja til ástands ökutækisins eða skyndilegrar bilunar fyrir slysið. Bifreiðin var búin nýlegum, ónegldum vetrardekkjum.

Samkvæmt niðurstöðu áfengis- og lyfjaprófs var ökumaður undir áhrifum áfengis þegar slysið varð.

Orsakagreining

- Ökumaður var ölvaður þegar slysið varð
- Ökumaður ók of hratt miðað við aðstæður og leyfilega hámarkshraða
- Hvorki ökumaður né farþegi notuðu bílbelti

Ábendingar

Rannsóknarnefndin telur við hæfi þungar refsingar verði ökumenn uppvisir að gáleysislegri hegðun eins og hraðakstri, ofsaakstri og ölvunarakstri. Fjöldmörg banaslys hafa hlotist af þeirri hegðun. Ökumenn sem stunda slíkt á götum og vegum sem opnir eru almennri umferð ógna lífi annarra vegfarenda. Hraðakstur og ölvunarakstur er tvær algengustu orsakir banaslysa í umferðinni. Þá ítrekar mikilvægi þess að ökumenn og farþegar noti bílbelti. Eru mjög mörg dæmi þess í gögnum nefndarinnar að ökumaður eða farþegi hefðu lifað af bílslys hefði bílbelti verið notað.

15.6.2007

Rannsóknarnefnd umferðarslysa